



**133. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 25. ágúst, 2005, kl. 17:30.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

1. **Erindi Erlendar Magnússonar – frestað á fundi bæjarráðs 28. júlí sl.**
2. **Uppsögn á samningi skólamáltíða.**
3. **Tilboð í skólamáltíðir í Grunnskólanum á Blönduósi – gögn verða lögð fram á fundinum.**
4. **Beiðni um greiðslu vegna námskostnaðar við tónlistarskólanám á framhaldsskólastigi.**
5. **Fundarboð hluthafafundar Ámundakinnar ehf.**
6. **Reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.**
7. **Trúnaðarmál.**
8. **Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. **Erindi Erlendar Magnússonar – frestað á fundi bæjarráðs 28. júlí sl.**

Í erindi bréfitara er ítrekað óskað eftir mælingu á lóðinni Brimslóð 8, Blönduósi.

Bæjarráð telur að búið sé að svara umræddri beiðni og vísar í bókun fundar bæjarráðs dags. 26. maí sl.

2. **Uppsögn á samningi skólamáltíða.**

Fram lagt uppsagnarbréf Önnu Kr. Davíðsdóttur, f.h. Blönduskálans vegna uppsagnar samnings um skólamáltíðir fyrir Grunnskólann á Blönduósi.

3. **Tilboð í skólamáltíðir í Grunnskólanum á Blönduósi – gögn verða lögð fram á fundinum.**

Eftirfarandi tvö tilboð bárust í skólamáltíðir og voru þau opnuð 24. ágúst sl. á fundi bæjarstjóra, skólastjóra og formanns fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar:

- a. Guðni Kristmundsson, matreiðslumeistari, kt. 300760-4659:

Kr. 450 per máltíð m. vsk m.v. allt að 100 máltíðir að meðaltali á dag.

Bæjarráð hafnar tilboðinu á grundvelli þess að umsækjandi hefur ekki starfsleyfi til veitingarekstrar á Blönduósi.

- b. Veitingahúsið við Árbakkann ehf., kt. 570399-2339:

1. *Máltíð pr. mann kr 620,- m. vsk*

2. *Frávikstilboð: Boðið uppá skólamáltíð í húsnæði Árbakkans. Máltíð pr. mann kr. 570,- m. vsk.*

Bæjarráð hafnar tilboðum Árbakkans ehf. þar sem kostnaður vegna skólamáltíða pr. mann þykir of hár.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við eigendur Árbakkans ehf. m.t.t. lægri kostnaðar vegna skólamáltíða og á grundvelli þessi að snætt verði í húsnæði Árbakkans.



4. Beiðni um greiðslu vegna námskostnaðar við tónlistarskólanám á framhaldsskólastigi.

Fram lögð umsókn þar sem þess er farið á leit að sveitarfélagið greiði þann hluta kostnaðar tónlistarskólanáms við Tónlistarskóla Akureyrar sem reiknaður hefur verið út sem hluti sveitarfélaga, sbr. fjsk. 1.

Bæjarráð lítur svo á að allt það nám sem metið er til eininga í framhaldsskólum landsins sé greiðsluskilyrt af hendi ríkisins eins og skýrt kemur fram í samkomulagi menntamálaráðuneytisins og Sambands slenskra sveitarfélaga frá 29. október 2004. Ljóst er hins vegar að verið er að undirbúa lagasetningu er varðar tónlistarskólanám á framhaldsskólastigi og mál þessi því, enn sem komið er, á valdi hvers sveitarfélags að ákveða.

Bæjarráð samþykkir því að sá hluti tónlistarskólanáms sem skv. viðmiðunarreglum telst hluti sveitarfélags, verði greiddur af sveitarfélaginu skólaárið 2005-2006. Að skólaári loknu verði ákvörðun þessi endurskoðuð í ljósi túlkunar bæjarráðs á því að það sé á hendi ríkisins að greiða kostnað vegna tónlistarnáms sem stundað er samtímis námi í framhaldsskóla þar sem námið er metið til eininga.

Samþykkt með tveimur atkvæðum, einn situr hjá.

5. Fundarboð hluthafafundar Ámundakinnar ehf.

Fundurinn verður haldinn á Veitingahúsinu Við Árbakkann, 29. ágúst nk. kl. 20:30. Bæjarráðsfulltrúar sæki fundinn.

6. Reglur um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.

Reglur sjávarútvegsráðuneytisins eru lagðar fram til kynningar.

7. Trúnaðarmál.

Bókað í trúnaðarbók.

8. Önnur mál.

1. Fram lögð erindi frá skólastjóra vegna skólaársins 2005-2006..

a. Umsókn um aukna starfsheimild vegna skóladagheimilis, 10%. Bæjarráð samþykkir erindið.

b. Umsókn um ráðningu stuðningsfulltrúa, 60%. Bæjarráð samþykkir erindið.

2. Bæjarráð felur bæjarstjóra að kanna með kostnað er varðar malbikun bílastæða við Húnabraut 4 og 6 og leita eftir samstarfi eigenda um frágang svæðisins á haustmánuðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)